

REGLUGERÐ

um vélstjóranám.

I. KAFLI

Markmið vélstjóranáms.

1. gr.

Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda. Það skal fara fram á vegum Vélskóla Íslands í Reykjavík og á öðrum stöðum á landinu, ef þörf krefur og aðstæður leyfa.

2. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjóranáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun, sem geri þá hæfa til að hljóta prófskírteini fyrsta, annars, þriðja og fjórða stigs og taka að sér störf í þágu atvinnuveganna til lands og sjávar í samræmi við atvinnuréttindi, sem ákvörðuð eru í lögum.

3. gr.

Þegar kennsla til 1. og 2. stigs vélstjóranáms fer fram utan Vélskóla Íslands í Reykjavík, skal samræma námsefni, kennslu og lokapróf, því sem er í Vélskóla Íslands.

4. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að skipa 5 manna nefnd til þess að sjá um sérmálefni vélskóladeildar, sem stofnuð er utan Reykjavíkur. Í nefndina skulu eftirtaldir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: sveitarstjórn, Vélstjóraráfélag Íslands, kennarar deildarinnar og nemendur deildarinnar. Ráðuneytið skipar fimmta manninn í nefndina, án tilnefningar og skal hann vera formaður hennar.

5. gr.

Vélstjóranám er jafnt fyrir piltá og stúlkur.

II. KAFLI

Um skólastjórn og kennara.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, kennara, forstöðumenn deilda, skólanefnd og prófdómara. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins.

7. gr.

Við skólann starfa 7 manna skólnefnd, sem ráðherra skipar með þessum hætti. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Hlutverk skólnefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun á sviði menntunar vélstjóra erlendis, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans, ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólastjóra- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur.

Formaður skal kveðja skólnefnd til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal skólnefnd sitja a. m. k. einn fund á ári með skólastjórn. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni, ef tveir nefndarmenn, skólastjóri eða forstöðumaður deildar æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild, að 4 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fund.

Skólastjóri skal sitja fundi skólnefndar. Hann skal leggja fyrir skólnefnd skrá yfir skólahald og námsefni, sem gengur úr skugga um, að það sé í samræmi við þróun í verkmenntun vélstjóra. Þá skal skólnefnd stuðla að nánnum tengslum við verkmenntunarskóla og aðra skóla eftir því sem ástæða þykir til.

8. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann er fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjarreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna reksturs og framkvæmda í skólanum. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum. Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Skólastjóri ræður með samþykki ráðuneytisins starfsfólk skólans, annað en fastráðna kennara.

9. gr.

Skólastjórn er til ráðuneytis skólastjóra, um starfsemi skólans. Hún er þannig skipuð: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða áfangastjóri, 2 fulltrúar kennara kosnir á almennum kennarafundi og 2 fulltrúar nemenda og hafa þeir allir jöfn réttindi. Fulltrúar nemenda og kennara skulu kosnir til eins árs í senn. Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, frestun prófa, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi. Skólastjórn skal halda reglulega fundi á starfstíma skólans. Rísi ágreiningur í skólastjórn ræður meiri hluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólastjóra. Haldin skal gerðabók um fundi skólastjórnar. Skólastjórn getur, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki, falið skólastjóra að annast afgreiðslu mála er undir skólastjórn falla.

10. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skál jafnan leita álits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnun. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til endanlegrar afgreiðslu skólastjórnar eða deildarstjórafundar. Kennarafundur kys við upphaf hverrar haustannar 2 fulltrúa til setu í skólástjórn og eru kiörtímabil þeirra tvær annir í senn. Endurkjör er heimilt. Skólástjórn boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Skvlt er að halda kennarafund er bríðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúar kennara í skólástjórn. Skvlt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausn, enda séu fundirnir haldnir í eðlilegum starfstíma skólans og boðaðir í tæka tíð. Stundakennurum er skvlt að sækja fundi ef skólástjórn óskar þess, enda hafi þeir há atkvæðisrétt. Rétt til að sitja kennarafundi hafa, auk kennara, námsráðgjafi, félagsmálastjórn og bókaýrður séu þeir starfandi við skólann. Skólástjórn undirbýr að jafnaði mál er fyrir kennarafund koma en öllum, sem seturétt eiga á fundinum skal heimilt að leggja þar fram mál. Skólástjórn sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

11. gr.

Þeir einir geta fengið skipun í kennarastöðu við skólann, sem hafa:

- a) háskólapróf í kennslugrein sinni eða
- b) tæknifræðipróf frá viðurkenndum tækniskóla eða
- c) öðlast starfsheitið vélfræðingur, auk starfsreynslu og/eða meistaráttindi.
- d) lokið námi í uppeðis- og kennslufræðum sem jafngilda o. m. k. 30 námseiningum.

12. gr.

Heimilt er að ráða aðstoðarskólástjóra, áfangastjóra, námsráðgjafa og deildarstjóra með kennsluafslætti vegna stjórnunarstarfa.

13. gr.

Aðstoðarskólástjórn — áfangastjórn aðstoðar við daglega stjórn og rekstur áfangakerfis, skýrslubald, gerð stundaskráa og þróttöflu. Hann annast námsferilsskráningu, eftirlit með framkvæmd námsvals og úrvinnslu einkunna. Hann annast ásamt skrifstofu skólans fölvuvinnslu, námsferilsskrár og stundaskrár. Aðstoðarskólástjórn — áfangastjórn hefur fastan viðtalstíma á starfstíma skólans.

14. gr.

Deildarstjórn skal ráðinn í greinum eða greinaflokklum og skal þess gætt að allar kennslugreinar skólans falli undir einhvern deildarstjóra. Deildarstjórn skal ráðinn til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara við skólann. Endurráðning er heimil. Skólástjórn ræður deildarstjóra með samþykki menntamálaráðuneytis og skólanefndar. Leita má umsagnar kennara viðkomandi deilda. Deildarstjórn skal hafa umsjón með kennslu námsefnis og kennslufækjum í þeim greinum sem undir deildarstjórn hans falla. Hann velur kennslubækur og ákvarðar yfirferð námsefnis í hverjum námsáfangi í samráði við aðra kennara og sker úr ef ágreiningur verður. Hann hefur samráð um námsefni og kennsluáðferðir við aðra deildarstjóra skólans og við deildarstjóra skólans og við deildarstjóra í hliðstæðum greinum í öðrum framhaldsskólum. Deildarstjórn skal ásamt kennurum fylgjast með nýjungum í kennslu-

grein sinni og gera tillögur um breytingar á námsskrá. Deildarstjóri skal vera skólástjóra til ráðuneytis við ráðningu kennara til deildarinnar og við verkefnaskiptingu milli þeirra. Deildarstjóri skal fylgjast með því að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum. Deildarstjóri skal halda reglulega fundi með kennurum sínum og vera þeim til ráðuneytis um kennsluhætti. Deildarstjórar skulu hafa fastan viðtalstíma á starfstíma skólans.

15. gr.

Umsjónarkennara skal skólástjóri ákveða í upphafi skólaárs til þess að hafa umsjón með hópi 20—26 nemenda og er öllum kennurum skólans er gegna fullu starfi skytt að taka þessa umsjón að sér. Aðalmarkmið með starfi umsjónarkennara er að veita nemendum aðstoð í daglegu starfi þeirra og er umsjónarkennari trúnaðarmaður þeirra nemenda sem hann hefur umsjón með. Umsjónarkennari annast upplýsingamiðlun til nemenda, skýrir rækilega þær reglur sem gilda um skólastarfið, hefur milligöngu um þjónustu við nemendur og aðstoðar við lausn vandamála sem snúa að námi eða einkahögum. Umsjónarkennari er talsmaður nemenda sinna gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans. Umsjónarkennarar skulu yfirleitt gera sér far um að efla félagsleg tengsl innan nemendahópsins og stuðla að samstöðu hans. Umsjónarkennarar hafa til ráðstöfunar 2 stundir á viku til þess að sinna þessu hlutverki. Halda skal reglulega umsjónarfundi með nemendum.

16. gr.

Um störf fastráðinna kennara við skólann, svo og annarra starfsmanna hans, kennsluskyldu og launakjör, gilda ákvæði kjarasamninga eins og þau eru á hverjum tíma.

17. gr.

Nú hefur kennari gengt embætti í 10 ár og óskar eftir að hverfa frá starfi í hálf t eða heilt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um það, hvernig hann hyggst verja orlofi sínu. Ef ráðuneytið telur greinargerð umsækjanda fullnægjandi, getur það veitt honum orlof á fullum launum. Beiðni um orlof skal senda ráðuneytinu fyrir áramót næsta skólaárs á undan.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum er þess óska, leiðbeiningar um hvernig orlofi skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu að orlofi loknu, að viðlögðum launamissi.

18. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita kennara leyfi frá kennslu á fullum launum, til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

Umsókn um slíkt leyfi skal berast með minnst hálfis árs fyrirvara og studd meðmælum skólástjórnar og skólanefndar. Umsóknir skulu að jafnaði afgreiddar fyrir 15. júní sama ár.

III. KAFLI

Innritun nemenda.

19. gr.

Innritun nemenda er í höndum skólástjóra Vélskóla Íslands. Auglýsa skal innritun með minnst þriggja vikna umsóknarfresti. Í auglýsingunni skal getið um inntökuskilyrði eins og þau eru tilgreind í lögum og þau gögn, sem fylgja þurfa

umsókn. Sækja skal um skólann á þar til gerðum eyðublöðum. Jafnframt skal skólastjóri auglýsa valdag, þ. e. þann dag sem nemendum er ætlað að velja áfanga fyrir næstu önn.

Skólastjóri og forstöðumenn deilda geta vísað inntökubeiðni til úrskurðar skólaneftdar, ef ástæða þykir til.

IV. KAFLI

Um kennslu og námsefni.

20. gr.

Kennsluár skólans skal vera frá 1. september til 31. maí. Á starfstíma skólans skulu próf fara fram.

21. gr.

Um leyfi gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar um leyfi í skólum.

22. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur og kennarar geti lokið sem mestu af daglegri vinnu sinni í skólanum og að vinnutími nemenda og kennara sé samfelldur, eftir því sem unnt er.

23. gr.

Námið skal skipulagt sem fjögur prófstig er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda, svo sem mælt er fyrir um í lögum. Skal val námsefnis í hverju stigi miðast við, að námið nýtist nemendum sem best við störf í atvinnulífinu.

Markmið kennslunnar er meðal annars, að vekja skilning nemenda á gildi ríkrar ábyrgðartilfinningar og samviskusemi gagnvart sjálfum sér og þjóðfélaginu í heild. Lögð skal áhersla á, að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu. Kynna skal nemendum mikilvægi þess að nota handbækur og fagttímarit, til að geta brugðist skynsamlega við tæknilögum nýjungum í starfi.

24. gr.

Kennslan fer fram á grundvelli námsskrár, sem menntamálaráðuneytið gefur út, er kveður á um kennslugreinar og námsefni.

Í upphafi skólaárs skal skólastjóri láta kennara og nemendur fá vinnuáætlun vetrarins.

Heimilt er að taka upp áfangakerfi við skólann frá upphafi skólaárs 1981—1982 og skal það þá taka til 1. stigs nemenda, 1982 tekur það til 2. stigs og síðan áfram uns það hefur tekið til allra stiga.

Þeir nemendur sem hófu nám við skólann eftir eldra skipulagi skulu ljúka námi eftir því.

25. gr.

Efla skal tengsl skólans við atvinnulífið sem frekast er unnt, m. a. með því að gefa nemendum kost á því að heimsækja stofnanir, vinnustaði og sýningar undir leiðsögn sérfróðra og kunnugra manna. Til að efla verklega þjálfun vélstjóranema, svo og tengsl þeirra við atvinnulífið, er heimilt að fella niður kennslu í allt að vikutíma á vetri hverjum og fái þeir þá verklega þjálfun undir umsjón skólans.

V. KAFLI

Próf og mat á námsárangri.

26. gr.

Námsárangur nemenda í Vélaskóla Íslands skal metinn á grundvelli prófa eða annars konar námsmats við lok námsáfanga eða námsannar.

Gefi nemandi ekki mætt til prófs sökum veikinda skal hann leggja fram læknisvottorð og hefur skólinn heimild til að gefa honum kost á að ganga undir veikindapróf.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1—10 og skal vitnisburður miðast við áfanga einvörðungu. Einkunnagjöf skal miðuð við skilgreind námsmarkmið. Ekki skal reikna meðaleinkunn.

Lágmarkseinkunn í áfanga er 4 og heimilar hún framhald náms í næsta áfanga.

Um nemendur sem stunda nám í 2., 3. og 4. stigi vélstjóranáms skólaárið 1981—82 skulu gilda ákvæði um próf og námsmat samkvæmt reglugerð nr. 200/1974 þar til þeir hafa lokið námi sínu.

Að öðru leyti skulu gilda almennar reglur um próf og námsmat sem ráðuneytið gefur út um áfangaskóla.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara við skólann í einstakar námsgeinar til lokaprófs, ef skólastjóri óskar sérstaklega. Í þeim prófum, sem ekki eru skipaðir prófdómarar, skal kennari meta árangur nemenda.

Þegar prófum og mati á þeim er lokið, skal skólinn gefa nemendum kost á að skoða prófúrlausnir og einkunnagjöf kennara. Komi fram skekkja í einkunnagjöf eða mati skal slíkt leiðrétt.

Ef nemandi eða forráðamaður nemanda sættir sig ekki við mat og einkunnagjöf skal viðkomandi kæra slíkt til skólastjóra innan þriggja daga frá prófsýnidegi. Skólastjóri hlutast þá til um að skinaður verði prófdómari er endurmetur prófúrlausnir nemandans. Prófdómari skal eiga aðgang að prófúrlausnum annarra nemenda er tóku prófið á sama tíma í skólnum.

28. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með prófum og sér um framkvæmd þeirra ásamt deildarstjórum og prófstjóra er hann kann að ákveða að setja. Kennarar skulu hver í sinni kennslugrein sjá um gerð prófverkefna.

29. gr.

Þegar próf er tekið, skal þess gætt, að svo rúmt sé um próftaka, að nægjanlegu eftirliti sé unnt að koma við, svo að upplýsingar um prófverkefni berist ekki milli próftaka.

Í prófstofu skulu eigi vera aðrir viðstaddir en próftakar og eftirlitsmenn eða eftirlitsmaður. Verði próftaki uppvis að óleyfilegu framferði í prófi, hefur hann glatað rétti sínum til að ljúka prófi í greininni í það sinn og skal vísa honum tafarlaust frá prófi.

Þyki próftaka eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanns. Í prófum skal kennari í prófgrein vera til taks, en þó eigi sitja yfir í prófum.

30. gr.

Heimilt er að veita utanskólanemanda leyfi til að ganga undir próf. Skal þá viðkomandi senda skriflega umsókn um það til skólastjóra með minnst eins mánaðar fyrirvara. Skólastjóri skal að höfðu samráði við skólanefnd úrskurða, hvort umsækjanda er heimilað að ganga til prófs.

Skal hann þá ganga undir sömu próf og fastir nemendur skólans.

Þó skal prófa utanskólanemendur verklega í verklegum greinum, þó heimilt sé að prófa fasta nemendur með skriflegu prófi úr verklegum greinum.

31. gr.

Heimilt er að meta próf frá öðrum skólum fullnægjandi í einstökum greinum, ef sannreynt er að prófkröfur eru eigi minni í viðkomandi grein en í Vélskóla Íslands.

32. gr.

Nemandi, sem staðist hefur lokapróf 1., 2., 3. og 4. stigs vélstjóranáms, skal fá prófskírteini, sem staðfestir árangur hans.

33. gr.

Hafi nemandi lokið prófi frá Vélskóla Íslands og vilji síðar taka sveinspróf, gilda eftirfarandi reglur um styttingu námstíma hans:

1) Meta skal verknám vélstjóra til styttingar iðnnáms sem hér segir:

- a) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 1. stigi um 6 mánuði í málmiðngreinum.
- b) Heimilt skal að stytta verknám vélstjóra, sem lokið hafa 2., 3. og 4. stigi um 3 mánuði fyrir hvert stig, ef þeir hefja nám í bifvélavirkjun, rennismíði eða vélsmíði.
- c) Þeir, sem ljúka vélstjóranámi skv. áfangakerfi, en hafa ekki lokið verknámsskóla skulu fá styttingu á námstíma sínum um 3 mánuði fyrir hvert stig vélstjóranáms. Sá, sem hefur lokið 4. stigs vélstjóraprófi, skal auk þess fá eins árs styttingu til viðbótar vegna bóknáms. Þeir, sem hefja iðnnám að loknu 1., 2. eða 3. stigi vélstjóranáms, skulu fá nám sitt metið hjá iðnfræðsluskóla til styttingar í samræmi við námsáfanga sem lokið er.

Þeir, sem lokið hafa verknámsskóla málmiðnaðarins, skulu fá nám sitt metið skv. styttingarreglum iðnfræðsluráðs.

- d) Á prófskírteinum Vélskóla Íslands skulu koma fram einkunnir í öllum kennslugreinum skólans, sem snerta iðnnám. Teljist bóknám vélstjóraprófs eigi fullnægjandi, skal viðkomandi ljúka prófi í þeim greinum við iðnfræðsluskóla. Sá tími sem fer í þetta nám, telst til iðnnáms, en að öðru leyti dregst bóknám Vélskólans frá iðnnámstímanum.
- 2) Vélskóli Íslands skal á hverjum tíma kenna allar bóklegar greinar vélsmiðanáms þannig, að við lok 4. stigs gefi skólinn út burtfararskírteini iðnfræðsluskóla í vélsmíði og rennismíði fyrir þá, sem staðist hafa öll prófin.

VI. KAFLI
Um heilsuvernd.

34. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í samráði við skólustjóra og skólanefnd skólalækni og skólahjúkrunarkonu og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

Um heilbrigðisefirlit í skólanum fer eftir ákvæðum í heilbrigðisreglugerð sem gefin var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

VII. KAFLI
Um reglur og aga.

35. gr.

Regla og agi skal miða að því að gera skólann að þægilegum vinnustað. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

36. gr.

Um skólasókn nemenda gilda eftirfarandi reglur:

1. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa valið sér og koma stundvíslega til kennslu.
2. Sé nemandi fjarverandi úr kennslustund hlýtur hann tvö fjarvistarstig. Komi nemandi of seint til kennslu hlýtur hann eitt fjarvistarstig fyrir.
3. Langvarandi og þrálát veikindi skal staðfesta með læknisvottorði.
4. Niðurfelling fjarvistarstiga vegna veikinda eða annarra forfalla getur ekki breytt skólasóknarreglum á þann veg að nemandi hljóti einingu fyrir.
5. Heimilt er að vísa nemanda frá námi og prófum í áfanga ef fjarvistarstig hans eru fleiri en 10 í einnar námseiningar áfanga, fleiri en 20 í tveggja eininga áfanga og fleiri en 30 í þriggja eininga áfanga.
6. Fjarvistarstig nemenda í fullu námi ráða skólasóknareinkunn sem hér segir:

0— 50 fjarvistarstig	einkunn 10	1 eining
51—100 fjarvistarstig	einkunn 9	0 einingar
101—150 fjarvistarstig	einkunn 7	÷1 eining
151—200 fjarvistarstig	einkunn 5	÷2 einingar
201 fjarvistarstig	einkunn 3	Nemandi er fallinn á önninni.

37. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólustjóra.

38. gr.

Nú veldur nemandi vísitandi skemmdum á eignum skólans, ber honum þá að bæta það fullum bótum.

39. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans mega ekki við störf skólans hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd, né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Brot gegn þessu getur valdið stöðumissi eða brottvísun úr skóla.

Ber skólustjóra að taka tafarlaust til meðferðar mál af þessu tagi og vísa til menntamálaráðuneytisins, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Á skemmtunum skólans gilda þær reglur, er skólustjórn setur, og eru í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins.

40. gr.

Um önnur þau mál, sem skólustjórn telur að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur. Sama gildir, ef talin er þörf á nánari ákvæðum en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á slíkum reglum.

41. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1966, um vélstjóránám, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vélskóla Íslands nr. 200/1974.

Menntamálaráðuneytið, 6. janúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

21. janúar 1982.

Nr. 8.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ. e. toll og sérstakt tímabundið vörugjald, af þeim vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

Tollskrárn.	Vöruheiti
27.10.81	Smurningsolía, þ. á m. háhitasmurningsolía.
27.10.89	Háþrýstivökvi.
28.35.00	Mólýbden disúlfid duft.
28.54.00	Tvíildi.
29.02.20	Arklone P, L og E. Hreinsiefni fyrir ýmis nákvæmnistæki flugvéla, sem hreinsuð eru í þar til gerðum vélum.
29.04.20	Ísóprópylalkóhól (isvarnarvökvi).
29.04.50	Etylenglykol (isvarnarvökvi).
32.12.00	Súrþéttiefni; þéttiefni, t. d. Epocast og kísilefnablanda.
34.02.05—09	Yfirborðsvirk hreinsiefni, t. d. Alkaline 280, Ardrex og Cee Bee.
34.05.01	Flugvélabón, t. d. Jove Wadpol.
35.06.01	Lím til flugvéla viðgerða.
36.04.00	Hvellhettur fyrir slökkvitæki.
36.08.00	Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga.
37.01.01	Röntgenfilmur (Crystallex Films, Microtex Films).
38.17.00	Slökkviefni.